

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 154 1963, um skiptingu Reykjavíkur- prófastsdæmis í sóknir og prestaköll.

Eftir að leitað hefur verið tillagna safnaðarráðs Reykjavíkur og að fengnu álitu biskups Íslands, er eftirfarandi breyting gerð á skiptingu Reykjavíkurprófastsdæmis í sóknir og prestaköll, sem ákveðin var með auglýsingu nr. 154 1963:

Í stað 18. töluliðar komi tveir töluliðir er orðist svo:

18. **Kársnesprestakall:** Kársnessókn. Nær yfir Kópavogskaupstað vestan Reykjanesbrautar.

19. **Digranesprestakall:** Digranessókn. Nær yfir Kópavogskaupstað austan Reykjanesbrautar.

Auglýsing þessi tekur gildi nú þegar.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. júlí 1971.

Ólafur Jóhannesson.

Baldur Möller.

AUGLÝSING

um undanþágu frá ákvæðum reglugerðar, dags. 9. maí 1942, um stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála.

Póst- og símamálastjóri veitir leyfi til talstöðvaviðgerða samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. gr.

Almenn ákvæði.

- 1.1 Leyfi til þess að reka talstöðvaverkstæði geta þeir einir fengið, sem hafa meistara-réttindi í talstöðvaviðgerðum, sem viðurkennd eru af póst- og símamálastjórninni, eða hafa mann með slík réttindi í sinni þjónustu til að veita verkstæðinu forstöðu.
- 1.2 Leyfi til að gera við, flytja og setja upp talstöðvar eru bundin við ákveðnar tegundir stöðva, sem leyfishafi hefur, með samningi við innflytjanda eða framleiðanda, skuldbundið sig til þess að gera við og veita þá viðgerðarþjónustu, sem nauðsynleg er. Talstöðvategundir skulu tilteknar í leyfisbréfi og viðbótum við það.
- 1.3 Í fyrsta skipti skal leyfi útgefið til eins árs til reynslu. Hafi leyfishafi haldið skilmála þessarar reglugerðar, svo og ekki orðið brotlegur við önnur fjarskiptalög eða reglugerðir, framlengist leyfið til fimm ára í senn, sé þess óskað.
- 1.4 Á reynslutíma er leyfishafa skylt að færa skrá yfir allar viðgerðir, flutninga og uppsetningar með örstuttri lýsingu á því, sem við var gert.

Radíóeftirliti Pósts og síma skal heimilt að rannsaka nefnda skrá fyrirvara-laust og fá af henni afrit, ef því þykir tilefni til. Enn fremur skal senda radióeftirlitinu afrit af skránni mánaðarlega.

1.5 Flutning og nýuppsetningar á talstöðvum ber leyfishafa ávallt að tilkynna radióeftirlitinu tafarlaust.

Leyfishafi er ábyrgur gagnvart Pósti og síma á því, að nýjar eða tilfluttar talstöðvar séu ekki teknar í notkun fyrr en leyfisbréf vegna þeirra hefur verið gefið út og þær prófaðar og samþykktar af radióeftirlitinu.

1.6 Leyfishafa er heimilt að hafa í sinni þjónustu meistara í talstöðvaviðgerðum, einnig símverkja (radió), loftskeytamenn og útvarpsverkja með sérprófi í talstöðvaviðgerðum og reglugerðum.

Leyfishafa er óheimilt að nota aðra en ofangreinda aðila til þess að annast talstöðvaviðgerðir í sínu umboði.

2. gr.

Kröfur um menntun og starfsþjálfun.

2.1 Meistari í talstöðvaviðgerðum skal hafa góða þekkingu á talstöðvum og innlendum og alþjóðareglugerðum þar að lútandi.

2.2 Þær menntunarkröfur, sem gerðar eru til símverkjameistara með sérgrein í radiófræðum eru fullnægjandi.

2.3 Meistarar í talstöðvaviðgerðum geta auk þess orðið útvarpsverkjameistarar, sem lokið hafa talstöðvaprófi, sem Póstur og sími heldur og afla sér auk þess eins og hálfis árs starfsreynslu hjá viðurkenndum meistara í talstöðvaviðgerðum.

2.4 Námsefni til talstöðvaprófs innifelur fræðslu um tæknilega uppbyggingu talstöðvasenda, talstöðvaviðtækja, loftneta, jarðsambanda og hleðslubúnaðar, svo og mælitækni og reglugerðir, innlendar og alþjóðlegar.

2.5 Tæknifræðingar og verkfræðingar með sérgrein í radiófræðum, sem óska eftir meistararéttindum til talstöðvaviðgerða, skulu ljúka prófi í reglugerðum um fjarskipti, sem Póstur og sími heldur.

2.6 Símvirkjar (radió), loftskeytamenn og útvarpsvirkjar, sem lokið hafa 3 ára starfsþjálfun hjá viðurkenndum meistara í talstöðvaviðgerðum, geta öðlast meistararéttindi með því að ganga undir og standast talstöðvameistarapróf, sem Póstur og sími heldur.

2.7 Prófdómendur við ofangreind próf skulu vera aðalkennarar Póst- og símaskólans í radiófræðum annars vegar og reglugerðum hins vegar, en þriðji maður skal skipaður af skólanefnd Póst- og símaskólans hverju sinni.

2.8 Póst- og símamálastjórnin ákveður prófgjald hveru sinni.

3. gr.

Mælitæki, varahlutir, þjónusta.

3.1 Gerðar eru kröfur um, að talstöðvaverkstæði hafi til afnota öll mælitæki, sem Póstur og sími telur nauðsynleg til þess að viðhalda og stilla þær talstöðvar, sem verkstæðið hefur fengið til að annast með tilliti til viðgerðarþjónustu.

3.2 Í samningi þeim, sem leyfishafi og innflytjandi eða framleiðandi gera með sér um viðhaldsþjónustu, skal tekið fram, hvor aðilinn skuldbindur sig til þess að hafa ávallt nægar varahlutabirgðir í landinu vegna talstöðvanna.

3.3 Leyfishafa er skylt að veita góða, samfellda þjónustu um allt land eftir því sem við verður komið og hægt er að krefjast miðað við aðstæður og fjölda þeirra talstöðva, sem hann annast með tilliti til viðgerðarþjónustu.

4. gr.

Afturköllun leyfis.

- 4.1 Endurtekin eða gróft brot á ákvæðum þessum eða öðrum reglum um fjarskipti varða afturköllun leyfis.
- 4.2 Ef rökstuddar kvartanir berast frá notendum um, að þjónusta leyfishafa sé óviðunandi og póst- og símamálastjórnin hefur gengið úr skugga um að svo sé, skal gefa leyfishafa 6 mánaða frest til þess að bæta þá þjónustugalla, sem fram hafa komið.

Umsóknir um framangreint leyfi til talstöðvaviðgerða skulu sendar til póst- og símamálastjórnarinnar.

Póst- og símamálastjórnin, 30. júní 1971.

Jón Skúlason.

Sigurður Þorkelsson.

Utkomið í A-deild Stjórnartíðinda 1971.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda, undirskrifuð af forsetanum 11. janúar 1971, nr. 1.

Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76 frá 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum, undirskrifuð af menntamálaráðherra 2. febrúar 1971, nr. 2.

Lög um fyrirframinnheimtu opinberra gjalda, undirskrifuð af forsetanum 23. febrúar 1971, nr. 3.

Lög um breyting á lögum nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, undirskrifuð af forsetanum 30. marz 1971, nr. 4.

Lög um breyting á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, undirskrifuð af forsetnum 5. apríl 1971, nr. 5.

Lög um Hótel- og veitingaskóla Íslands, undirskrifuð af forsetanum 30. marz 1971, nr. 6.

Lög um breyting á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, undirskrifuð af forsetanum 8. marz 1971, nr. 7.

Lög um breyting á lögum nr. 79 31. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis islenzkrar krónu, undirskrifuð af forsetanum 5. apríl 1971, nr. 8.

Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breyting á reglugerð nr. 76 frá 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum, undirskrifuð af menntamálaráðherra 19. marz 1971, nr. 9.

Lög um breyting á lögum nr. 89 5. júní 1947, um fiskimálasjóð, undirskrifuð af forsetanum 11. marz 1971, nr. 10.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Neðri-Brekku í Saurbæjarhreppi, Dalasýslu, undirskrifuð af forsetanum 11. marz 1971, nr. 11.

Lög um happdrættislan ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna vega- og brúa-gerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið, undirskrifuð af forsetanum 23. marz 1971, nr. 12.